

**3570. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtdaginn 29. ágúst 2024 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2406142 - Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026-2028

Forsendur fjárhagsáætlunar og áframhaldandi vinna.

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir þessum dagskrálið sem og undir lið nr. 2.

Bæjarráð felur bæjarstjóra og sviðsstjórum frekari úrvinnslu í tengslum við forsendur fjárhagsáætlunarinnar (gjaldahlið) og gert ráð fyrir að málið komi fyrir á næsta fundi ráðsins þann 12. september nk.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð samþykkir breytingu á verk- og tímaáætlun samhliða þessu sem felur í sér að útsendingu vinnubóka til sviðsstjóra og forstöðumanna seinkar um a.m.k. eina viku.

Samþykkt 3:0

2. 2406017 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2024-2033

Endurskoðun fjárfestingaáætlunar 2024.

Sigurður Páll Harðarson situr fundinn undir þessum dagskrálið sem og undir liðum nr. 3 til og með 5.

Lagt fram.

Málið verður til áframhaldandi vinnu hjá bæjarráði vegna komandi fjárhagsáætlunargerðar.

Kristjana Helga Ólafsdóttir víkur af fundi.

3. 2406159 - Uppbygging á Breið

Erindi frá Brim hf. vegna uppbyggingar á Breið.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og gert ráð fyrir að málið komi að nýju fyrir bæjarráð á næsta fundi ráðsins þann 12. september nk.

Samþykkt 3:0

*EB
SA*

4. 2408236 - Sementsverksmiðjan ehf - uppsögn leigusamninga

Vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Sementsreit er nauðsynlegt að segja upp leigusamningum á tilteknum rýmum á reitnum (rými IV - lager og rafmagnsverkstæði)(rými VI vélaverkstæði). Uppsagnarfrestur er 12 mánuðir.

Bæjarráð samþykkir að leigusamningunum verði sagt upp og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

5. 2112034 - Hausthúsatorg - bensínstöð N1

Endurskoðun samnings við Festi.

Lagt fram.

Málið verður tekið fyrir að nýju á næsta fundi ráðsins þann 12. september nk.

Sigurður Páll Harðarson víkur af fundi.

6. 2408015 - Garðasel - ósk um viðbótarfjárveitingu vegna fjölgun fatahólfa

Erindi frá skólastjóra Garðasels um viðbótarfjárveitingu vegna kaupa á fatahólfum til að mæta fjölgun barna í leikskólanum.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum dagskrárið.

Bæjarráð fellst á erindið.

Útgjöldunum er mætt innan gildandi fjárhagsáætlunar með ráðstöfun fjármuna af lyklinum 20830-4660, samtals að fjárhæð kr. 1.169.000 og færð á deild 04140-4660.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 16 við fjárhagsáætlun 2024 samkvæmt framangreindu og vísar viðaukanum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

7. 2408135 - Grunnskólar - kaup á viðbótar nemendatölvum

Beiðni um kaup á tölvum fyrir nemendur ungingastigs grunnskólanna sem til kemur vegna affalla á tækjum og nemendafjölgunar í báðum skólum.

Vegna nemendafjölgunar og affalla = 28 tölvur (afföll eru 7 tölvur) sbr. erindi kerfisstjóra.

Bæjarráð samþykkir erindið og ráðstöfun viðbótarfjármagns til verkefnisins samtals allt að fjárhæð kr. 3.730.000 vegna 30 tölvu.

Útgjöldunum er mætt innan gildandi fjárhagsáætlunar með ráðstöfun fjármuna af deild 20830-4660 að fjárhæð kr. 101.000 og af deild 20830-4995, samtals að fjárhæð kr. 3.629.000.

Fjárhæðin deilist á stofnanirnar þannig að á deild 0420-4660 færist fjárhæðin kr. 1.989.000 vegna 16 tölvu og á deild 04230-4660 færist fjárhæðin kr. 1.741.000 vegna 14 tölvu.

FB
GJF

Samþykkt 3:0

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 17 við fjárhagsáætlun 2024 samkvæmt framangreindu og vísar viðaukanum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

8. 2405056 - Mötuneyti grunnskóla - framtíðarsýn

Tilboð í aðkeypta ráðgjafavinnu vegna undirbúnings útboðs.

Bæjarráð samþykkir erindið og ráðstöfun viðbótarfjármagns til verkefnisins samtals að fjárhæð kr. 1.374.000.

Útgjöldunum er mætt innan gildandi fjárhagsáætlunar með ráðstöfun fjármuna af lyklínunum 20830-4995, samtals að fjárhæð kr. 1.374.000 og fært á deild 04020-4390.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 18 við fjárhagsáætlun 2024 samkvæmt framangreindu og vísar viðaukanum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

9. 2408133 - Sundmiðar og kort - ósk um kaup á starfrænni lausn

Óskað er eftir viðbótarfjárveitingu vegna kaupa á tæknibúnaði til að hægt verði að koma aðgangsmiðum og kortum á stafrænt form við sundlaugar Akraneskaupstaðar.

Skóla- og frístundaráð styður framlagða tillögu skv. minnisblaði, Málinu vísað til afgreiðslu hjá bæjarráði.

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðarinnar vegna komandi árs.

Bæjarráð óskar eftir nánari skýringum frá forstöðumanni íþróttamannvirkja og íþróttamála um þann sparnað sem næst fram með ráðstöfuninni.

Samþykkt 3:0

10. 2408136 - Landsmót Samfés á Akranesi 2024

Landsmót Samfés verður haldið á Akranesi dagana 4. til 6. október næstkomandi. Óskað er eftir gjaldfrjálsum afnotum af íþróttamannvirkjum s.s sal og sundlaug á Jaðarsbökkum meðan á móti stendur.

Skóla- og frístundaráð fagnar því að Landsmót Samfés verði haldið á Akranesi þetta árið og leggur til við bæjarráð að heimila gjaldfrjáls afnot af íþróttamannvirkjunum fyrir þátttakendur mótsins.

Málinu vísað til afgreiðslu hjá bæjarráði.

Bæjarráð samþykkir að þátttakendur landsmótsins (ungmennin og starfsfólk) eigi kost á gjaldfrjálsum aðgangi í sund að Jaðarsbökkum meðan á viðburðinum stendur.

EB

Málið verði unnið í nánu samstarfi við forstöðumann íþróttamála og íþróttamannvirkja.

SK

Samþykkt 3:0

Dagný Hauksdóttir víkur af fundi.

11. 2408182 - Skógræktarfélag Akraness - styrkbeiðni

Skógræktarfélag Akraness - umsókn um styrk

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðarinnar vegna komandi árs.

Samþykkt 3:0

12. 2402299 - Heilsuefling eldra fólks

Umbeðin umsögn skóla- og frístundaráðs um verkefnið Heilsuefling eldra fólks.

Bæjarráð samþykkir erindið og ráðstöfun viðbótarfjármagns til verkefnisins vegna ársins 2024 samtals að hámarki að fjárhæð kr. 3.600.000 en ákvörðun varðandi árið 2025 er vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Útgjöldunum er mætt innan gildandi fjárhagsáætlunar með ráðstöfun fjármuna af deild 20830-4995, samtals að fjárhæð kr. 3.283.000 og af deild 20830-4980, samtals að fjárhæð kr. 317.000. Fjárhæðin er færð inn á deild 02480-4980.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 19 við fjárhagsáætlun 2024 samkvæmt framangreindu og vísar viðaukanum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð felur bæjarstjóra og deildarstjóra farsældar að formgera samning um verkefnið við ÍA.

Samþykkt 3:0

13. 2408148 - FVA nýnemaball - tækifærисleyfi 5.september 2024

Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Vesturlandi um tækifærисleyfi vegna nýnemaballs FVA 5. september 2024.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins til umsækjanda vegna viðburðarins sem fer fram þann 5. september nk. frá kl. 21:00 til kl. 00:00 aðfararnótt þess 6. september nk., að uppfylltum þeim skilyrðum aðrir umsagnaraðilar, slökkviliðssstjóri, heilbrigðiseftirlit og lögreglustjórin, setja fram.

Samþykkt 3:0

14. 2408184 - Flóahverfi - breyt. á Stefnu grænna iðngarða

Breyting á Stefnu grænna iðngarða, þar sem búið er að afnema greiðslufest í tengslum við úthlutun lóða í Flóhverfi.

Bæjarráð samþykkir breytingu á stefnu Akraneskaupstaðar um Græna iðngarða en breytingin felur í sér afnmám greiðslufrests vegna uppbyggingar en í þess stað gilda almennir greiðsluskilmálar skv. gatnagerðargjaldskrá Akraneskaupstaðar.

Samþykkt 3:0

*EB
SL*

Bæjarráð vísar málínu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

15. **2408227 - Sorpurðun Vesturlands hf. - Fundargerðir stjórnar 29. apríl og 25. júní 2024**

Fundargerð Sorpurðunar Vesturlands 29.04.2024
Fundargerð Sorpurðunar Vesturlands 25.06.2024

Fundargerðirnar lagðar fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:10.

Einar Brundsson

Óðgaður Þ. Þórðarson

Ragnar Sæmundsson

Steinunn Óðinsdóttir